

Ungmennaráð SOS Barnaþorpanna

Viðmið

Hlutverk og gildi: Ungmennaráð SOS Barnaþorpanna er vettvangur fyrir ungt fólk sem hefur áhuga á hjálparstarfi, þróunarsamvinnu og réttindum barna, og vill nýta krafta sína í að koma þekkingu á þessum mállefnum á framfæri. Um er að ræða sjálfboðastarf. Ungmennaráðið kynnir SOS Barnaþorpin, þróunarmál og barnahjálparstarf fyrir jafnöldrum, veur athygli á réttindum barna, skipuleggur viðburði, heldur safnanir, tekur þátt í viðburðum SOS Barnaþorpanna og sækir fjármagn til framkvæmda viðburða félagsins.

- Kynningar í skólum (jafningjafræðsla)
- Hönnun og skipulagning vitundarvakningarviðburða
- Söfnunarviðburðir til styrktar starfsemi SOS Barnaþorpanna
- Umsóknir um styrki til framkvæmda á viðburðum félagsins
- Þátttaka í viðburðum SOS Barnaþorpanna
- O.fl.

Framtíðarsýn: Að ungmenni á Íslandi þekki til SOS Barnaþorpanna og réttinda barna á heimsvísu, og taki virkan þátt í hjálpar- og þróunarstarfi.

Aldur: Meðlimir í ungmennaráði eru 16 til 25 ára

Fjöldi: 10-15

Fjöldi funda: Ráðið hittist að jafnaði einu sinni í mánuði. Ungmennaráð hefur aðstöðu á skrifstofu SOS Barnaþorpanna en hefur leyfi til að hittast annars staðar eftir ósk meðlima. Aðalfundur er haldinn á haustin þar sem formaður ráðsins er kosinn.

Formaður ungmennaráðs sér um fundarboð í samráði við fræðslufulltrúa og/eða aðra starfsmenn SOS Barnaþorpanna. Formaður ráðsins er kjörinn á aðalfundi. Sá aðili sem fær meirihluta atkvæða frá meðlimum ungmennaráðs og fræðslufulltrúa er kjörinn.

Tengsl við starfsfólk: Fræðslufulltrúi SOS Barnaþorpanna er tengiliður við ungmennaráð. Ávallt skal hafa samráð við fræðslufulltrúa eða staðgengil hans til að fá samþykki fyrir aðgerðum ungmennaráðs.

Val í ráðið: Sótt er um þátttöku í ungmennaráð á vef SOS Barnaþorpanna eða í gegnum tölvupóst. Fræðslufulltrúi og formaður ungmennaráðs fara yfir umsóknir.

Hvað sitja meðlimir lengi í ráðinu? Meðlimir ráðsins eru kjörnir til eins árs í senn.